



Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 13. febrúar 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla, 490. mál

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum um fjölmiðla. Samtökin gera ekki athugasemdir sem lúta að breytingum á skilgreiningum á ábyrgðarmönnum og fyrirsvarsmönnum fjölmiðla og fjölmiðlaveitna, né við orðalagsbreytingar við V kafla laganna. Samtökin telja að margt sé óljóst í frumvarpinu einkum er lýtur að vald- og verksviði fjölmiðlanefndar. Að öðru leyti vísast í meðfylgjandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 4. grein.

Í 4. gr. er fjallað um heimild fjölmiðlanefndar til að ljúka málum með birtingu álots. Í lagaákvæðinu er talað um álit í kjölfar brots en í greinargerð er vikið að því að nefndin geti gefið álit til að stuðla að því að markmið og tilgangur laganna geti náð fram að ganga. Hér er viss óskýrleiki á ferðinni þar sem ljóst er að komast má að þeirri niðurstöðu að eitthvað í starfsemi fjölmiðils sé ekki til þess fallið að stuðla að því að markmið og tilgangur laganna náist, án þess þó að um brot á ákvæðum þeirra sé að ræða.

Um 5. grein

Samtök atvinnulífsins gera athugasemd við að krafist sé ríkisborgararéttar innan EES svæðis vegna fyrirsvarsmanns fjölmiðlaveitu og telja nægjanlegt að fyrirsvarsmáður hafi heimilisfesti hér á landi, að uppfylltum öðrum skilyrðum sem gerð eru.

Um 17. grein

Athugasemd er gerð við samkeppnisákvæði frumvarpsins sem inniheldur of rúmar heimildir fyrir fjölmiðlanefnd til að grípa inn í starfsemi fjölmiðla og telja samtökin nægjanlegt að starfsemi fjölmiðla falli undir ákvæði samkeppnislaga.

Þannig er í ákvæði um samrunaefirlit gert ráð fyrir lægra veltuviðmiði heldur en áskilinn er í Samkeppnislögum. Er þetta rökstutt með því að velja fjölmiðlaveitu gefi ekki alltaf vísbendingu um styrk hennar. Þetta getur í sjálfu sér átt við annarskonar starfsemi og ekki þörf á að taka rekstur fjölmiðla sérstaklega út að þessu leyti. Þessu til viðbótar getur fjölmiðlanefnd, verði frumvarpið að lögum, tekið upp mál er varða samruna og vísað til Samkeppniseftirlits jafnvel þó svo að ekki séu uppfyllt ákvæði um veltufjárhæðir. Hér er vísað til mats nefndarinnar um að verulegar líkur séu á að samruni dragi úr fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlum. Samtök atvinnulífsins gera athugasemd við þetta



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

fyrirkomulag og telja að hér eigi eftir sem áður að fara að samkeppnislögum en ekki byggja á óljósu mati fjölmiðlanefndar á fyrrgreindum atriðum.

Virðingarfyllst

f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Kristín Póra Harðardóttir hdl.

